MENNING

Nýtt íslenskt leikverk, Óhapp, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í september

Á mörkum veruleika og sýndarveruleika

Eftir Helga Snæ Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is



Hópurinn Þeir sem viðstaddir voru fyrsta samlestur á verkinu mánudaginn síðastliðinn. Leikararnir Atli Rafn Sigurðarson, Dóra Jóhannsdóttir, Stefán Hall Stefánsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Kjartan Guðjónsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson og Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir ásamt leikstjóranum Stefáni Jónssyni, leikmyndahönnuðurinn Börkur Jónsson og Frank Hall sem sér um gerð hljóðmyndar.

Fyrsti samlestur á Óhappi

NÝTT leikrit eftir Bjarna Jónsson, *Óhapp*, verður fyrsta verkefni næsta leikárs í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Í Óhappi er fjallað um mörk hins raunverulega og óraunverulega. Verkið gerist um það leyti er kennaraverkfallið var að bresta á árið 2004. Hjónin Jóhanna og Halldór búa með fréttamanni, sjónvarpskokki, hönnuði og sálfræðingi í sjónvarpssal, inni í sjónvarpinu svo að segja.

„Ég fór að ímynda mér hvernig það væri, að í stað þess að horfa á sjónvarpið þá væri sjónvarpið inni hjá manni. Þannig að þegar maður vaknaði á morgnana væri einhver byrjaður að elda og farinn að segja manni fréttir og annað slíkt," segir Bjarni um kveikjuna að verkinu.

„Síðan byrjaði þessi leikur, að blanda saman þessum tveimur heimum, eða tveimur heimilum, annars vegar heimili sem getur talist raunverulegt og hins vegar heimili sem er sviðsmynd í sjónvarpi. Þær eru margar nákvæmlega eins og eldhús eða stofa," segir Bjarni.

Tveir heimar skarast

Bjarni segir tvö „gengi" í verkinu, alls sex persónur, og tvo heima sem skarist í sífellu. „Ég blanda saman einhverju sem er sýndarveruleiki og öðru sem er raunveruleiki og spyr svo spurninganna, beggja vegna, hvað sé sýndarveruleiki og hvað sé raunveruleiki. Maður hefur það stundum á tilfinningunni að raunveruleiki okkar, sem er geysilega flókinn, fari fram á öðru plani nú en hann gerði fyrir einhverjum áratugum, orðinn meira „virtual" („sýndar"). Stjórnmálaskoðanir séu t.d. búnar til á vefsíðum eða einhvers staðar mjög fjarri mannlegum samskiptum," segir Bjarni.

Hann segir Ísland alltaf smáútgáfa af öllum hlutum, menn hafi látið sig dreyma um prufumarkað fyrir ýmsa hluti og þannig séu Íslendingar að mörgu leyti, m.a. hvað varðar hugmyndir, stefnur og strauma.

„Þetta er geggjað en spennandi þjóðfélag að pæla í, það kemur svo margt saman sem er í gangi í heiminum," segir Bjarni. Kennaraverkfallið 2004 hafi verið önnur kveikjan að verkinu. „Það var bara alveg ótrúlega vandræðalegt dæmi. Það bara þekkist ekki í vestrænu lýðræðisríki, sem lítur stórt á sig og telur sig vera á toppnum í samanburði við önnur ríki, að það komi til þess að skólahald falli niður vegna kjaradeilna og börn séu bara send heim. Þá kemur í ljós að þetta samfélag virkar ekkert, það er enginn til að taka á móti börnunum og það þarf að redda hlutunum. Við fórum bara að redda pössun út um allt en höfðum engar áhyggjur af því að það væri verkfall!" segir Bjarni og hlær.

Vandamálin búin til

Bjarni segist hafa skrifað leikrit í stað þess að fá útrás á bloggsíðu.

„Miðað við alla þá umræðu sem fer hér fram um alla hluti og hvað allir eru meðvitaðir um ástandið þá gerist oft rosalega lítið. Kannski tölum við bara allt of mikið." Leikritið Óhapp er bæði í gamansömum og alvarlegum dúr, gagnrýnið á umræðuna í þjóðfélaginu. „Stundum hefur maður á tilfinningunni að vandamál séu búin til til að leita lausna á þeim. Það er svo oft verið að selja hluti, þetta blandast oft saman þannig að maður veit ekki hvort fólk hefur áhuga á því að leysa vandamál annarra eða selja þeim eitthvað," segir Bjarni.



Ljós Hönnun Guðlaugar Friðgeirsdóttur á sýningunni Magma/Kvika.

Magma/ Kvika afar vel sótt

HÖNNUNARSÝNINGIN Magma/ Kvika í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum hefur verið afar vel sótt. Sýningin var opnuð um helgina og sóttu hana 5.000 manns.

Að sögn Soffíu Karlsdóttur, kynningarstjóra Listasafns Reykjavíkur, er slík aðsókn fáheyrð. Biðraðir mynduðust við Kjarvalsstaði um helgina, slík var aðsóknin. Ný safnverslun var einnig opnuð og seldust þar upp ýmsir gripir.

Listasafnið mun einbeita sér að því að miðla þeirri hönnun sem er á sýningunni með reglulegri leiðsögn í sumar, á sunnudögum klukkan þrjú, en að auki verður boðið til stefnumóts við hönnuði í hádeginu alla fimmtudaga í sumar. Þar verða ýmsir hönnuðir sem verk eiga á sýningunni fengnir til að segja frá verkum sínum og ferli í tuttugu mínútur.

Arkitektinn Theresa Himmer ríður á vaðið í hádeginu í dag og kynnir verk sín. Himmer starfar hjá Studio Granda. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega kl. 10-17 og aðgangur er ókeypis á fimmtudögum. Soffía mælir auk þess með breyttri kaffiteríu safnsins og því góðgæti sem þar er að finna. Þar má sjá verk Himmer á sýningunni.


Listræn vísindi

MYNDLIST

Salur Félags íslenskrar grafíkur – Hafnarhúsi (gengið inn hafnarmegin)

Ellen Karin Mæhlum – Geoprint

Til 27. maí 2007. Opið fi.-su. kl. 14-18. Aðgangur ókeypis.



Morgunblaðið/Ómar

Líf Mæhlum vann við hlið jarðfræðinga og líffræðinga á Svalbarða.

Í SAL Íslenskrar grafíkur sýnir nú norski grafíklistamaðurinn Ellen Karin Mæhlum verk sem eru afrakstur af samstarfi hennar við PGP-rannsóknamiðstöð Oslóarháskóla sem bauð henni þátttöku í vísindaleiðöngrum þar sem kannaðar voru hliðstæður í lífríki plánetunnar Mars og á Svalbarða. Þátttöku hennar má rekja til áhuga miðstöðvarinnar á óhefðbundnum rannsóknaraðferðum og miðlunar á niðurstöðum sem jafnframt er aðgengileg leikmönnum.

Mæhlum vann við hlið jarðfræðinga og líffræðinga á Svalbarða þar sem hún grandskoðaði og skrásetti náttúruleg fyrirbæri með vísindalegum aðferðum – svo sem með aðstoð stafrænnar smásjármyndavélar – og vann í myndrænt form af fagurfræðitilfinningu og með aðferðum listamannsins.

Niðurstaðan er safn skemmtilegra og rytmitískra mynda sem einnig veita áhugaverðar og gagnlegar upplýsingar svo sem í stóru verki (nr. 4) um uppbyggingu granatkristalla sem mynduðust fyrir um 280 milljónum ára. Þetta verk býr yfir krafti og léttleika í senn í líf-rænum og geómetrískum leik lína og forma sem annars væri ekki sýnilegur berum augum og kemur á óvart og hleypir ímyndunaraflinu á flug. Það er ekki síst með tækni sinni – þurrnálartækni í bland við hæfilega stýrt skapalónsþrykk – sem Mæhlum býr til rými fyrir leikinn og hið tilviljunarkennda.

Anna Jóa

Svipmyndir

MYNDLIST

Jónas Viðar Gallery

Þorvaldur Þorsteinsson – Fimm brotnar konur

Til 27. maí 2007. Opið kl. 13-18 föstud. og laugard., annars eftir samkomulagi. Aðgangur ókeypis.



Klippimyndir „Verk Þorvaldar fela í sér leik með staðalmyndir afþreyingarmenningarinnar."

Í JÓNAS Viðar Gallery við Kaupvangsstræti á Akureyri sýnir nú Þorvaldur Þorsteinsson ný verk undir yfirskriftinni „Fimm brotnar konur". Verkin eru uppstækkaðar klippimyndir sem stillt hefur verið upp við veggi gallerísins þannig að þær ná frá gólfi og nánast upp í loft. Klippimyndirnar eru endurvinnsla á ljósmyndum, aðallega tískuljósmyndum eða þekktum kvenímyndum, til dæmis má greina andlit leikkonunnar Audrey Hepburn. Ljósmynd af henni hefur verið klippt í sundur og sett saman í nýja þekkjanlega ímynd þrátt fyrir afbökunina. Þetta er meira en „afbökun" því að Þorvaldur beitir hárfínum fagurfræðilegum vinnubrögðum við samskeytingu myndbrotanna og skapar þannig leikræna spennu.

Verk Þorvaldar fela í sér leik með staðalmyndir afþreyingarmenningarinnar. Hversu langt er hægt að ganga í afskræmingu á slíkum myndum en láta þær jafnframt halda merkingu sinni og skírskotunum? Stærð verkanna höfðar til fólks á hraðferð upp og niður Kaupvangsstrætið sem út af fyrir sig endurspeglar hvernig þær birtast okkur sem svipmyndir í dagsins önn.

Þorvaldur hefur löngum fengist við spennuna milli þess sem sést á yfirborðinu og þess sem falið er og í þessum verkum má greina gagnrýni sem tengist sjálfsmynd kvenna. Sýningin vekur vangaveltur um hvað býr á bak við brotið og vandlega samsett yfirborðið – eða ríkir þar tómleikinn einn?

Anna Jóa